

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 160/2006

frá 8. desember 2006

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2006 frá 27. október 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 84/253/EBE ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt tilskipun 2006/43/EB fellur úr gildi tilskipun 84/253/EBE ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XXII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 10e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB):
„10f. **32006 L 0043**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 84/253/EBE (Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE) og 6. lið (sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE):
„– **32006 L 0043**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 (Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).“
3. Texti 7. liðar (áttunda tilskipun ráðsins 84/253/EBE) falli brott.

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 366, 21.12.2006, bls. 81, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 21.12.2006, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 126, 12.5.1984, bls. 20.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/43/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. desember 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.